



Umhverfis- og samgöngunefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 16. mars 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna, 319. mál.

Þann 4. mars sl. barst Landgræðslunni rafpóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Meðfylgjandi rafpósti þeim var tillaga til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna, 319. mál. Óskað var umsagnar Landgræðslunnar og til þess veittur frestur til 18. mars.

Landgræðslan starfar á grundvelli laga nr. 155/2018 en markmið þeirra laga er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart áföllum og náttúruvá o.fl.

Sú þingsályktun sem hér liggur fyrir var áður lögð fram á 149. þingi, 397. mál, en hlaut þar ekki afgreiðslu. Landgræðslan sendi nefndasviði umsögn sína um málið, sjá innsenda umsögn dags. 18. mars 2019.¹ Landgræðslan ítrekar hér þá fyrri umsögn stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar

Birkir Snær Fannarsson,
lögmaður.

¹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4724.pdf>